

## Breytingar á nýju svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins eftir auglýsingu.

Í töflu hér á eftir eru tíundaðar þær breytingar sem gerðar hafa verið á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins frá því að tillaga var auglýst. Í töflunni kemur einnig fram við hvaða ábendingum er verið að bregðast. Nánari grein er gerð fyrir umsögnum og viðbrögðum við þeim í tveimur skjölum:

- Svör við umsögnum vegna auglýstrar tillögu að nýju svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.
- Svör við umsögn Skipulagsstofnunar við auglýsta tillögu að nýju svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.

Auk þeirra breytinga sem hér eru tíundaðar hafa verið gerðar minni leiðréttingar á orðalagi eða framsetningu sem fela ekki í sér efnislegar breytingar.

Hvar	Hvað	Hvernig	Hví
~	Skýringarmyndir	Allar skýringarmyndir merktar og gefið heiti.	Brugðist við ábendingum í umsögn Skipulagsstofnunar og almennar lagfæringar
~	Vaxtamörk - lega	Vaxtamörk sýnd um Grundarhverfi. Vaxtamörk fær út við Vatnsendahlíð. Breytingar sýndar á öllum kortum.	Brugðist við umsögn Reykjavíkurborgar og athugasemd ábúenda Vatnsenda.
1. kafli Bl. 14	Í umfjöllun á hvernig H2040 er frábrugðið eldra svæðisskipulagi er núvísað í töflu 3 um málsmeðferð í kafla 4 með viðbótasetningu.	„Slíkar ákvarðanir eru settar fram og útfærðar í aðalskipulagi sveitarfélaganna sem skulu vera í samræmi við stefnumarkandi áherslur Höfuðborgarsvæðisins 2040, <b>sbr. töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla.</b> “	Brugðist við ábendingum í umsögn Skipulagsstofnunar.

1. kafli Bls. 16	Í umfjöllun um túlkun H2040 er nú vísað í töflu 3 um málsmeðferð í kafla 4 með viðbótarsetningu.	„Mat svæðisskipulagsnefndar byggir á samræmi tillögunnar við stefnu Höfuðborgarsvæðisins 2040 og <b>þá skipulagsþætti sem eru festir í svæðisskipulagi annars vegar og mótuð er almenn stefna um hins vegar. Sjá nánar töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla.</b> “	Brugðist við ábendingum í umsögn Skipulagsstofnunar.
3. kafli Bls 26	Í inngangi um stefnu H2040 er nú vísað í töflu 3 um málsmeðferð í kafla 4 með viðbótarsetningu.	Texti var: „Stefnan er sett fram í texta, á skýringarmyndum og með þemakortum sem ekki eru eiginlegir skipulagsuppdrættir. Við túlkun stefnunnar og samræmingu við aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaganna skal taka mið af þeim skipulagsþáttum sem eru festir í svæðisskipulagi og þeim sem mótuð er almenn stefna um, sbr. töflu 3 og umfjöllun um innleiðingu í kafla 4.“  Texti verður (breytingar feitletraðar): „Stefnan er sett fram í texta <b>(með leiðarljósum, markmiðum og aðgerðum)</b> , á skýringarmyndum og með þemakortum sem ekki eru eiginlegir skipulagsuppdrættir. <b>Áherslur sem koma fram í texta undir leiðarljósum og markmiðum teljast einnig til stefnu.</b> “	Brugðist við ábendingum í umsögn Skipulagsstofnunar.
Kafli 3 Bls. 27	Úrdráttarskema um leiðarljós uppfært	Í úrdrætti leiðarljóss 1 er bætt við umfjöllun um bætta nýtingu innviða.  Í úrdrætti leiðarljóss 6 er bætt við umfjöllun um fjögurra ára þróunaráætlun	Vegna breytinga á markmiði 1.1  Almennar úrbætur
L 1 Bls. 28	Skýringarmynd merkt,orðalag bætt og vísað í töflu 3.	Texta breytt í: „Samgöngu- og þróunarástæða er hryggjarstykkið í nýju svæðisskipulagi og tengir sveitarfélögin saman. Kjarnar og þróunarsvæði við hann munu njóta nútíma almenningssamgangna og bjóða upp á eftirsóknarverð uppbyggingarsvæði. Við útfærslu samgöngu- og þróunarástæða í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4.kafla.“	Brugðist við ábendingum í umsögn Skipulagsstofnunar.

<p>M 1.1 Bls. 30</p>	<p>Bætt við umfjöllun um bættu innviðanýtingu, vaxtarmörk. Vísað til töflu 3 um málsmeðferð.</p>	<p>Viðbótar texti: „Með uppbygging innan núverandi þéttbýlis er stutt við betri nýtingu á núverandi grunnkerfum samgangna, veitna og almannaþjónustu og dregið úr þrýstingi um uppbyggingu á óbyggðum svæðum.“</p> <p>„Vaxtarmörk draga skýr skil milli þéttbýlis og dreifbýlis og stuðla að sjálfbærri byggð innan marka og varðveislu náttúrusvæða og landbúnaðarlands utan marka. Innan vaxtarmarka verður þéttbýlið, íbúðir, verslun og þjónusta, iðnaður og annað sem tilheyrir borgarumhverfi auk útivistarsvæða. Utan markanna verði t.d. vatnsverndarsvæði og önnur verndarsvæði, stærri útivistarsvæði, landbúnaður, frístundabyggð, óbyggð svæði og annað sem tilheyrir dreifbýli. Almennt eru vaxtarmörkin 50 m breitt belti þar sem þéttbýli og dreifbýli mætast. Þetta á þó ekki við ef þau skil miðast við takmarkandi landnotkun s.s. vatnsvernd eða aðra friðun. Í slíkum tilvikum ráða skil takmarkandi landnotkunar. Með auknum þéttingarmöguleikum á samgöngumiðuðum þróunarsvæðum er gert ráð fyrir að vaxtarmörkin dugi vel fram yfir skipulagstímabilið. Því er mikilvægt að halda byggðinni ekki einungis innan þeirra heldur að sú byggð verði einnig í samræmi við markmið 1.2.“</p> <p>„Við útfærslur vaxtamarka og þróunar byggðar í aðalskipulögum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla.“</p>	<p>Brugðist við ábendingum OR og Skipulagsstofnunar.</p> <p>Brugðist við ábendingum í umsögn Skipulagsstofnunar.</p>
<p>A 1.1.5 Bls. 30</p>	<p>Bætt við umfjöllun um uppbyggingu grunnkerfa og samráð í 4 ára þróunaráætlunum.</p>	<p>Viðbótartexti feitletraður: „Sveitarfélögin taki mið af uppfærðum mannfjöldaspám við gerð fjögurra ára þróunaráætlunar <b>og samráði við Vegagerðina og veitustofnanir vegna uppbyggingar grunnkerfa samgangna og veita.</b>“</p>	<p>Brugðist við ábendingum í umsögn OR.</p>

Kort 2 Bls. 31	Bætt við skýringartexta tilvísun í töflu 3 um málsmeðferð.	Nýr skýringartexti: „Fjöldi, stigskipting og gróf staðsetning miðkjarna á höfuðborgarsvæðinu er bindandi stefna sbr. töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla. nákvæm staðsetning miðkjarna er útfærð í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga. Vaxtarmörk eru 50 m belti sem er bindandi stefna sbr. töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla. Allt þéttbýli á að þróast innan þeirra til ársins 2040 en lega vaxtarmarkka skal skilgreind nánar í aðalskipulagi. nákvæm mörk beltisins eru í kortagrunni svæðisskipulagsins.“	Brugðist við ábendingum í umsögn Skipulagsstofnunar og Reykjavíkurborgar.
M 1.2 Bls 32	Bætt við umfjöllun um byggðarþróun ef miðstöð innanlandsflugs verður áfram í Vatnsmýri og vísað til töflu 3.	Viðbótar texti: „Stefna um fjölda, stigskiptingu og gróf staðsetning miðkjarna er fest í svæðisskipulagi.“  „Verði miðstöð innanlandsflugs áfram í Vatnsmýrinni er mikilvægt að Reykjavíkurborg beini uppbyggingu á svæði sem eru við aðra miðkjarna eða eru samgöngumiðuð.“  „Við útfærslur miðkjarna og samgöngumiðaðra þróunarsvæða í aðalskipulögum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla.“	Brugðist við ábendingum í umsögn Skipulagsstofnunar.
Bls. 33	Skýringarmynd merkt og vísað til töflu 3 í skýringartexta.	Viðbótar texti: „Við útfærslu samgöngu- og þróunarása í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4.kafla.“	Brugðist við ábendingum í umsögn Skipulagsstofnunar.
Tafla 1 Bls. 34	Sett heiti á töflu og gerðar breytingar á tölulegum viðmiðum og dregið fram að meginmarkmiðið sé að 66% byggðar sé á samgöngumiðuðum svæðum.	Viðbótartexti: „Leitast verði við að ná því að minnst 66% íbúða á höfuðborgarsvæðinu verði í kjörnum og samgöngumiðuðum þróunarsvæðum árið 2040. Sveitarfélög geta vikið frá viðmiðum fyrir einstaka flokka t.d með því að fjölga íbúðum í miðkjörnum og/eða á samgöngumiðuðum þróunarsvæðum á kostnað annarra svæða.“	Brugðist við ábendingum í umsögn Skipulagsstofnunar og Reykjavíkurborgar.

<p>Tafla 2 Bls. 36</p>	<p>Skerpt á skilgreiningu kjarna og lýsingu á þeim.</p>	<p>Viðmiðunarstaðsetningu kjarna má sjá á þemakorti en staðsetning og mörk verða útfærð nánar í aðalskipulagi sveitarfélaga.</p> <p>Landskjarni: Landskjarninn, miðborg Reykjavíkur, er bæði miðstöð fyrir svæðisbundna starfsemi og fyrir landið í heild. Þar er fjölþætt starfsemi og helstu stofnanir landsins, stjórnslá ríkisins og borgarinnar, Alþingi, dómstólar, mennta- og vísindastofnanir og heilbrigðisstofnanir sem þjóna landinu öllu, svo og miðstöð viðskiptalífs þekkingar og nýsköpunar.</p> <p>Svæðiskjarni: Svæðiskjarni, Smárinn og Mjódd, þjónar öllu höfuðborgarsvæðinu en einnig bæjarhlutum, hverfum og nánasta umhverfi.</p> <p>Bæjarkjarni: Bæjarkjarni þjónar hverfum og bæjarhlutum með fjölbreyttri starfsemi s.s. þjónustufyrirtækjum, verslunum, skrifstofum og afþreyingu.</p>	<p>Brugðist við ábendingum í umsögn Skipulagsstofnunar og Reykjavíkurborgar.</p>
<p>M 1.3 Bls. 37</p>	<p>Skipulagsþættir stefnunnar tengdir við töflu 3.</p>	<p>Viðbótartexti: Við útfærslur landbúnaðarsvæða í aðalskipulögum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla.</p>	<p>Brugðist við ábendingum í umsögn Skipulagsstofnunar.</p>
<p>M 2.1 Bls. 40</p>	<p>Skipulagsþættir stefnunnar tengdir við töflu 3.</p>	<p>Við útfærslur miðstöðvar innanlandsflugs í aðalskipulögum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla.</p>	<p>Brugðist við ábendingum í umsögn Skipulagsstofnunar.</p>
<p>M 2.2. Bls. 43</p>	<p>Skipulagsþættir stefnunnar tengdir við töflu 3.</p>	<p>Við útfærslur Borgarlínu í aðalskipulögum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla.</p>	<p>Brugðist við ábendingum í umsögn Skipulagsstofnunar.</p>
<p>Kort 3 Bls. 45</p>	<p>Skerpt í skýringartexta og skipulagsþættir stefnunnar tengdir við töflu 3</p>	<p>Nýr skýringartexti: Kortið sýnir þær stofnleiðir göngu- og hjólareiða sem hafa svæðisbundið vægi og eru virkar árið 2014. Svæðisskipulagstillagan gerir ráð fyrir því að að stofnleiðum muni fjölga á skipulagstímanum</p>	<p>Brugðist við ábendingum í umsögn Skipulagsstofnunar.</p>

		eftir því sem byggðin þróast. Til stofnleiða göngu- og hjólreiða flokkast einnig stígur yfir Fossvog sem er í aðalskipulagsáætlunum Reykjavíkur og Kópavogs. nýjar stofnleiðir með svæðisbundið vægi verða skilgreindar í tengslum við gerð fjögurra ára þróunaráætlana. Við útfærslu stofnleiða göngu- og hjólreiða í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4.kafla	
M 2.3 Bls. 46	Skipulagsþættir stefnunnar tengdir við töflu 3.	Við útfærslur stofnleiða göngu- og hjólreiða í aðalskipulögum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla.	Brugðist við ábendingum í umsögn Skipulagsstofnunar.
A 2.3.7	Orðalagsbreyting	Eftirfarandi texti er felldur út: „Sérstaklega verði hugað að öryggi samgöngumáta, t.d. hjólreiða, sem fara hratt vaxandi og slysatíðni er óljós.	Brugðist við ábendingum í umsögn LHM.
Bls. 47	Heiti og texti	Nýr skýringartexti: Götuumhverfið í miðkjörnum þarf að styðja við alla ferðamáta. Við hönnun og útfærslu miðbæjargatna er mikilvægt að leggja áherslu á öruggt umhverfi sem styður við iðandi mannlíf	Brugðist við ábendingum í umsögn Skipulagsstofnunar.
M. 2.4 Bls. 48	Stofnvegakerfið skilgreint. Skipulagsþættir stefnunnar tengdir við töflu 3.	Nýr texti markmiðsins gerður í samvinnu með Vegagerðinni við gerð samstarfssamkomulags.  Viðbótartilvísun í töflu3. Við útfærslur meginstofnvega og stofngatna í aðalskipulögum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla.	Brugðist við ábendingum í umsögn Skipulagsstofnunar, Hafnarfjarðarkaupstaðar og lóðahafa við Dalsveg.
Kort 4 Bls. 49	Stofnvegakerfið skilgreint. Skipulagsþættir stefnunnar tengdir við töflu 3.	Nýtt kort – nýr skýringartexti: Kortið sýnir þá stofnvegi sem eru í grunnneti samgangna skv. samgönguáætlun 2011-2022 og skiptingu þeirra í meginstofnvegi og stofngötur. nánari lega þeirra er ákveðin í aðalskipulagi sveitarfélaga, í samstarfi við Vegagerðina. Til stofnvega flokkast einnig eftirtaldir vegir sem eru í	Brugðist við ábendingum í umsögn Skipulagsstofnunar Hafnarfjarðarkaupstaðar og lóðahafa við Dalsveg.

		aðalskipulagsáætlunin sveitarfélaga: Sundabraut og Ofanbyggðarvegur sem meginstofnvegir og Öskjuhlíðagöng sem stofngata. Við útfærslu meginstofnvega og stofngatna í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaganna skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla	
M 3.1 Bl. 54	Bætt við umfjöllun um atvinnulíf á höfuðborgarsvæðinu þannig að samræmi sé við skipulagsþætti sem taldir eru upp í töflu 3. Skipulagsþættir stefnunnar tengdir við töflu 3.	Umfjöllun um Sundahöfn breytt og hún færð úr markmiði 3.2. Bætt við umfjöllun um orkufrekan iðnað og háspennulínur. Orðinu verslunarmiðstöðvar bætt við umfjöllun um verslunarsamstæður.	Brugðist við ábendingum í umsögn Faxaflóahafna og Skipulagsstofnunar í samræmi við tillögur fagraðs.
Kort 5	Skerpt í skýringartexta og skipulagsþættir stefnunnar tengdir við töflu 3	Bætt við tákni um miðstöð þekkingar og nýsköpunar.  Nýr skýringartexti: Kortið dregur fram stefnu um uppbygginu miðkjarna sem eiga að stuðla að eftirsóknarverður atvinnusvæðum um allt höfuðborgarsvæðið. Beina á uppbyggingu verslunar og þjónustu á miðkjarna. Fjöldi, stigskipting og gróf staðsetning miðkjarna á höfuðborgarsvæðinu er bindandi stefna sbr. töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla. Innan landkjarnans er stefnt að markvissri uppbyggingu miðstöðvar þekkingar og nýsköpunar. nánari afmörkun atvinnusvæða er útfærð í aðalskipulagi sveitarfélaga. Við útfærslu hafna í grunnneti og svæða fyrir orkufrekan iðnað í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4.kafla	Brugðist við ábendingum í umsögn Skipulagsstofnunar og almennar lagfæringar.
M 3.2	Bætt við umfjöllun afkastagetu meginstofnvega, hafnir, samkomulag eiganda Sorpu um urðun í Álfsnesi, um umhverfisáhrif jarðhitavirkjanir og loftgæðamælingar. Skipulagsþættir stefnunnar tengdir við töflu 3.	Viðbótarumfjöllun: ... Gert er ráð fyrir að hægt verði að auka afkastagetu meginstofnvega sem tengjast höfuðborgarsvæðinu þ.m.t. Hvalfjarðarganga. ...  Í Reykjavík og Hafnarfirði eru mikilvægar hafnir eins og í nágrennbæjunum Akranesi, Reykjanesbæ, Sandgerði,	Brugðist við ábendingum í umsögn Hvalfjarðarsveitar, Grímsnes- og Grafningshrepps, Faxaflóahafna og Skipulagsstofnunar.

		<p>Grindavík og Þorlákshöfn. Á Grundartanga er vöruflutningahöfn sem þjónar þeirri starfsemi sem þar er.</p> <p>Urðun á Álfsnesi verður hætt á skipulagstímabilinu, eigi síðar en 2020 eins og kveðið er á um í samkomulagi eigenda Sorpu frá 25. október 2013. ...</p> <p>Í nágrenni höfuðborgarinnar eru jarðhitavirkjanir sem hafa áhrif á umhverfi sitt. Síðustu ár hefur verið aukning á brennisteinsvetni í andrúmslofti á Íslandi vegna aukinnar nýtingar jarðhita. nauðsynlegt er að samráð eigi sér stað milli sveitarfélaga um áhrif núverandi nýtingar og frekari nýtingar til framtíðar til þess að tryggja að búsetuskilyrði aðliggjandi byggðar sé ekki ógnað sökum hás gildis brennisteinsvetnis í andrúmslofti. Er þetta í samræmi við reglugerð um styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti nr. 514/2010 með síðari breytingum.</p> <p>Mikilvægt að birtar séu upplýsingar um loftgæði á aðgengilegan og skiljanlegan hátt að höfðu samráði við Umhverfisstofnun og tryggt sé að almenningur sé ætíð upplýstur um líklega útbreiðslu brennisteinsvetnis á áhrifasvæðum jarðhitavirkjanna í samræmi við upplýsingaskyldu sbr. 6.grein reglugerðar 514/2010.</p> <p>Viðbótarsetning: Við útfærslur sorpurðunar á höfuðborgarsvæðinu í aðalskipulögum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla.</p>	
Kort 6 Bl. 58	Bætt við merkingar og skýringartexta	<p>Merkingar: Hamraneslína merkt sem raflína sem leggja á niður. Bætt við raflínunum á suðurnesjum. Bætt við tákni fyrir raforkuverk. Bætt við tákni fyrir Miðstöð þekkingar og nýsköpunar</p>	Brugðist við ábendingum í umsögn Reykjavíkurborgar og Skipulagsstofnunar og almennar lagfæringar.



		<p>Skýringartexti:</p> <p>Horfa þarf heildstætt á samspil höfuðborgarsvæðisins við suðvesturhornið.</p> <p>Við útfærslur sorpurðunar á höfuðborgarsvæðinu í aðalskipulögum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla.</p>	
M 4.1 Bls. 62	Skerpt á texta. Skipulagsþættir stefnunnar tengdir við töflu 3.	<p>Markmiðstextinn endurbættur þannig að stefnan komi skýrar fram og bætt við umfjöllun um reiðvegi.</p> <p>Viðbótarsetning: Við útfærslur strandstígs, Græna trefilsins, Græna stígsins, grænna geira, borgargarða og kirkjugarða í aðalskipulögum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla.</p>	Brugðist við ábendingum í umsögn reiðveganefndar Kjalarnespings hins forna og Skipulagsstofnunar auk almennra lagfæringa.
Kort 7 Bls. 63	Lagfæringar á korti. Skerpt í skýringartexta og skipulagsþættir stefnunnar tengdir við töflu 3.	<p>Bætt við Græna trefilinn og táknum fyrir Græna geira breytt. Merkingunni Strönd/Strandstígur breytt í Strönd og táknið látið vera óslitið eftir allri strandlengjunni.</p> <p>Tekið er fram í skýringum að hjáleiðir um nærliggjandi byggð verði skilgreindar þar sem landnotkun og eignarhald takmarkar aðgengi á strandstíg.</p> <p>Viðbótarsetning: Við útfærslur strandstígs, Græna trefilsins, Græna stígsins, grænna geira, borgargarða og kirkjugarða í aðalskipulögum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla.</p>	Brugðist við ábendingum í umsögn Íbúa Seltjarnarness, Reykjavíkurborgar og Skipulagsstofnunar auk almennra lagfæringa.
M 4.2 Bls 65	Breytingar á markmiðstexta. Skerpt í skýringartexta og skipulagsþættir stefnunnar tengdir við töflu 3	<p>Texti um vatnsvernd tekin úr umfjöllun, hverfisvernd bætt við.</p> <p>Viðbótarsetning:</p>	Brugðist við ábendingum í umsögn OR og Skipulagsstofnunar auk almennra lagfæringa.

		Við útfærslur friðlýstra svæða og hverfisverndar í aðalskipulögum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla.	
Kort 8 Bls. 66-7	Lagfæringar á korti. Skerpt í skýringartexta og skipulagsþættir stefnunnar tengdir við töflu 3.	Merkingar á friðuðum og vernduðum svæðum breytt.  Viðbótarsetning: Við útfærslu friðlýstra svæða og hverfisverndar í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4.kafla.	Brugðist við ábendingum í umsögn UST og Skipulagsstofnunar auk almennra lagfæringa.
Kort 9 Bls. 69	Lagfæringar á korti	Strandstíg bætt við og vísað til umfjöllunar í markmiði 4.1.	Almennar lagfæringar
M 4.4. Bls. 71	Umfjöllun um öryggissvæði og skipulagsþættir stefnunnar tengdir við töflu 3	Nýr texti um öryggissvæði: Öryggissvæði eru nýr flokkur vatnsverndarsvæða og eru þau út frá greiningu gagnvart yfirborðsvatni annars vegar og grunnvatni hins vegar. Þau eru skilgreind á svæðum þar sem mengun er talin mögulega geta borist af yfirborði með írennsli til grunnvatns og dreifst með grunnvatnsstraumum til vatnsbóla. Mikilvægt er að gæta sérstakrar varúðar við skipulag byggðar, þ.m.t. íbúðabyggðar, framkvæmdir og starfsemi innan öryggissvæða. nánar er gerð grein fyrir verndarsvæðum í fylgiriti 2.  Viðbótarsetning: Við útfærslur vatnsverndarsvæða og mannvirkjabeltis í aðalskipulögum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla.	Brugðist við ábendingum í umsögn Skipulagsstofnunar.
Kort 10 Bls. 73	Skipulagsþættir stefnunnar tengdir við töflu 3	Viðbótarsetning: Við útfærslu vatnsverndarsvæða í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4.kafla.	Brugðist við ábendingum í umsögn Skipulagsstofnunar.
M 5.1. Bls. 76	Skipulagsþættir stefnunnar tengdir við töflu 3	Viðbótarsetning:	Brugðist við ábendingum í umsögn Skipulagsstofnunar.

		Við útfærslur tuttugumínútna hverfisins í aðalskipulögum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla.	
M 5.2 Bls. 78	Skerpt á texta og skipulagsþættir stefnunnar tengdir við töflu 3	Viðbótarsetning: Við útfærslur húsnaðisstefnu í aðalskipulögum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla.	Brugðist við ábendingum í umsögn Skipulagsstofnunar.
Kort 11 Bls. 81	Skerpt á tengingum milli korts og umfjöllunar um stefnu.	Breyting og viðbætur á texta sem miða að því að draga betur fram hlutverk kortsins sem dregur saman á eitt kort stefnu um grunngerð til að sýna samspil og gefa heildarmynd. Viðkomandi stefnumið eru tengd umfjöllun í markmiðum og töflu 3.	Brugðist við ábendingum í umsögn Skipulagsstofnunar.
Mynd 12 88	Mynd og skýringartexti	Helstu breytingar á myndinni eru að nú er gert ráð fyrir að það taki 18 mánuði frá kosningum að ljúka þróunaráætlun. Bætt er við skýringartexta.	Almennar lagfæringar.
M 6.2 Bls. 89	Skerpt á umfjöllun um töflu 3.	Nýr texti: ins og fram hefur komið er stefna Höfuðborgarsvæðisins 2040 ekki sett fram á skipulagsuppdrætti. Áherslur og efnisatriði verður engu að síður að útfæra í aðalskipulögum sveitarfélaga og fá þar skipulagslaga bindingu á uppdrætti. Skipulagsþættir hafa verið flokkaðir niður og fer málsmeðferð þeirra eftir svæðisbundnu mikilvægi. Þegar sveitarfélög útfæra skipulagsþætti sem hafa mikið svæðisbundið gildi þarf málsmeðferð að vera eins og um svæðisskipulagsbreytingu sé að ræða. Svæðisskipulagsnefnd fjallar um þær útfærslur og þurfa allar sveitarstjórnir að afgreiða samþykktir nefndarinnar. Þegar sveitarfélög útfæra skipulagsþætti sem hafa lítið svæðisbundið gildi er það gert í aðalskipulagi með umsögn svæðisskipulagsnefndar. Aðrir skipulagsþættir eru háðir mati svæðisskipulagsnefndar hverju sinni hvort þeir hafa mikið eða lítið svæðisbundið gildi. Flokkun skipulagsþátta og málsmeðferð er sýnd í töflu 3.	Brugðist við ábendingum í umsögn Skipulagsstofnunar og almennar lagfæringar.

Tafla 3 Bls. 91	Lagfæringar	Breytingar á almennum texta. Öll stefnuatriði (skipulagsþættir) sem fjallað er um í markmiðum hafa verið flokkuð niður í töflu 3 og ljóst hver málsmeðferð er við útfærslu í aðalskipulagsáætlunum aðildarsveitarfélaga.	Brugðist við ábendingum í umsögn Skipulagsstofnunar og almennar lagfæringar
Eftirfylgni Bls. 94	Bætt við atriðum sem líta þarf eftir við árangursmælingar	Í árangursmælingar fyrir markmið 3.2. er bætt við að fylgst verði með magni úrgangs, endurvinnslu og förgun frá höfuðborgarsvæðinu.	Brugðist við ábendingum í umsögn Hvalfjarðarsveitar.
Fylgirit 1A	Umhverfisskýrsla uppfærð m.t.t. breytinga á greinargerð	Uppfæra mynd 9 vegna breytinga á vaxtarmörkum við Grundarhverfi og í landi Vatnsenda. Uppfæra kafla 1.3 um kynningu og samráð þannig að hann taki tillit til auglýsingaferilsins.	Almennar lagfæringar.
Fylgirit 6	Næstu skref í þróun samgöngukerfa uppfærð m.t.t. breytinga á greinargerð	Textabreytingar til að samræmis við samkomulag við Vegagerðina.	Almennar lagfæringar.
Fylgirit 7	Byggðapróun uppfærð m.t.t. breytinga á greinargerð	Bætt verður við umfjöllun um þróun vaxtarmarka.	Brugðist við athugasemd ábúenda Vatnsenda í samræmi við ákvörðun svæðisskipulagsnefndar og almennar lagfæringar.
Fylgirit 8	Náttúra og útivist uppfærð m.t.t. breytinga á greinargerð	Mynd 12, breytingar við skýringar. Texti var: „friðlýst svæði“ og „fólkvangar með stjórn“. Texti verður: „friðlýst svæði, þ.m.t. minni fólkvangar“ og „friðlýst svæði, stærri fólkvangar með stjórn Mynd 35. Græni trefillinn verður sýndur um rætur Esjuhlíðar í stað græns geira. Mynd 20. Helstu reiðleiðir á höfuðborgarsvæðinu, sem mynda net milli hesthúsahverfa í jaðri þéttbýlisins, milli sveitarfélaga og til nágrannasveitarfélaga verða merktar inn á mynd.	Brugðist við umsögn UST og Reiðveganefnd Kjalarnesþings hins forna í samræmi tillögur fagráðs og almennar lagfæringar.
Fylgirit 9	Skipulagstölur og umferðarspá	Uppfæra þarf umferðarspár þannig að Kópavogsgöng eru tekin út en Ofanbyggðarvegur fer inn.	Brugðist við umsögn HF og almennar lagfæringar.
Fylgirit 11	Umsagnir og athugasemdir	Umsagnir og athugasemdum á auglýsingastigi gerð skil sem og hvaða viðbrögð þau leiddu til.	Almennar lagfæringar.